

39. fundur Fræðslunefndar Rangárbings eystra, haldinn í Hvolsskóla, fimmtudaginn 23. ágúst 2018 kl. 17:00.

Mætt: Anton Kári Halldórsson sveitarstjóri, Lilja Einarsdóttir, Bjarki Oddsson, Angelia Fjóla Vilhjálmsdóttir sem er varamaður Páls Eggertssonar, Esther Sigurpálsdóttir boðaði forföll og ekki náðist að boða varamann, Arnar Gauti Markússon, Birna Sigurðardóttir skólastjóri, Sólbjört Sigríður Gestsdóttir leikskólastjóri, Pálína Björk Jónsdóttir fulltrúi starfsmanna Hvolsskóla, Unnur Óskarsdóttir fulltrúi starfsmanna leikskólans Arkar, Gréta Helgadóttir fulltrúi foreldra grunnskólabarna, Árný Lára Karvelsdóttir fulltrúi foreldra leikskólabarna boðaði forföll - hennar varamaður komst ekki og Gyða Björgvinsdóttir sem ritaði fundargerð. Anton Kári Halldórsson setti fund og stjórnaði honum þar til Lilja Einarsdóttir formaður nefndarinnar tók við fundarstjórn og Gyða Björgvinsdóttir ritaði fundargerð í tölvu bls.

Dagskrá:

- 1) Nefndin skiptir með sér verkum  
Anton Kári sveitarstjóri lagði til að Lilja Einarsdóttir yrði formaður, Esther Sigurpálsdóttir varaformaður og Gyða Björgvinsdóttir er starfsmaður og ritari nefndarinnar. Tillaga Antons Kára er samþykkt samhljóða.
- 2) Erindisbréf fræðslunefndar  
Erindisbréf fræðslunefndar lagt fram til kynningar og allir nefndarmenn hvattir til að kynna sér það.
- 3) Ritun fundargerða  
Allir hvattir til að kynna sér reglur um ritun fundargerða.

Málefni Hvolsskóla, Birna Sigurðardóttir  
Birna fór almennt yfir starf skólans sem er að hefjast.

- 4) Skóladagatal Hvolsskóla 2018 — 2019, viðauki  
Birna talaði um skerta skóladaga sem ekki eiga að vera fleiri en 10 á hverju skólaári. Einnig fór hún yfir uppbrotsdaga á skólaárinu en þeir geta líka mest orðið 10. Samkvæmt nýjum kjarasamningum skal koma fram í skóladagatali fjöldi umræddra daga og er það gert að þessu sinni með viðauka við þegar samþykkt skóladagatal. Viðaukinn við skóladagatalið var samþykktur samhljóða hjá nefndinni.
- 5) Úrbótaáætlun vegna ytra mats Hvolsskóla 2017  
Úrbótaáætlunin var gerð út frá ytra mati skólans sem var framkvæmt haustið 2017. Ákveðið að nefndin fari aftur yfir úrbótaáætlunina um áramót til að sjá hvaða kröfur er búið að uppfylla, en nú þegar er skólinn mikið farinn að vinna eftir henni. Í nóvember skilar Birna skýrslu til ráðuneytisins um það hver staðan er á úrbótunum. Úrbótaáætlunin var samþykkt samhljóða. Í úrbótaáætlun var talað um skiptingu kennslurýma vegna hljóðvistar á yngsta stigi og Birna sagði frá tillögu að lausn til að

GA  
AGN  
BD  
PST  
TS  
40  
Ker  
UO  
AFV  
LE  
SSG

laga hljóðvistina með færanlegum skilrúmum. Starfsfólki skólans og nefndinni list vel á tillögunum. Lagt var til að fá álit frá hljóðvistarfræðingi um málið hið fyrsta. Nefndin hvetur sveitarstjórn til að flýta afgreiðslu málsins þegar niðurstöður hljóðvistarfræðingsins liggja fyrir.

- 6) Skólanámsskrá Hvolsskóla 2018-2019, drög
- 7) Starfsáætlun Hvolsskóla 2018 -2019, drög  
Skólanámsskrá skólans og starfsáætlunin voru lagðar fyrir til kynningar en verða birtar í september á heimasíðu skólans, en verið er að uppfæra hvoru tveggja. Skólanámsskrá og starfsáætlun verða lagðar fram síðar til staðfestingar.

Málefni Leikskólans Arkar, Sólbjört Sigríður Gestsdóttir  
Enginn biðlisti er í leikskólanum og 91 barn er á leikskólanum. Skólinn er fullmannaður með 32 starfsmönnum í misstórum starfshlutföllum. Aðlaganir ganga vel og færslur á milli deilda eru að mestu yfirstaðnar. Elsti árgangur leikskólans var í tilraunaverkefni með skólanum, en eftir sumarfrí fluttu elstu börnin aðsetur sitt í skólann. Þetta tilraunaverkefni stóð yfir í 3 vikur og gekk mjög vel.

- 8) Ársskýrsla Leikskólans Arkar árið 2017  
Ársskýrslan samþykkt og er Sólbjörtu þakkað fyrir góða skýrslu.

Mál til kynningar

- 9) Bréf um verkefni evrópumíðstöðvar


Lagt fram til kynningar.


- 10) Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga til nýrra fræðslunefnda


Lagt fram til kynningar. Formaður nefndarinnar hvetur nefndarmenn til að kynna sér það sem fram kemur í bréfinu sem snýr að hlutverki nefndarmanna.

- 11) Önnur mál

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 18:20

  
Anton Kári Halldórsson

  
Birna Sigurðardóttir

  
Lilja Einarsdóttir

  
Sólbjört Sigríður Gestsdóttir

  
Gústaf  
AGU  
TBJ  
AFV  
SSA

Bjarki Oddsson  
Bjarki Oddsson

Pálina Björk Jónsdóttir  
Pálina Björk Jónsdóttir

Angela Fjola Vilhjalmsd.  
Angela Fjola Vilhjalmsdóttir

Unnur Óskarsdóttir  
Unnur Óskarsdóttir

Arnar Gauti M.  
Arnar Gauti Markússon

Gréta Helgadóttir  
Gréta Helgadóttir

Gréta Helgadóttir  
42  
KE  
554